

Erindi til sveitarstjórnar

Á fundi Byggðarráðs 25.11 2022 voru teknar til umræðu gjaldskrár fyrir árið 2023.

Mér er oft á tíðum hugsað til hvar sé mögulegt að jafna stöðu barna í samfélaginu, þegar ég renndi yfir gjaldskrár sveitatfélagsins fyrir árið 2023 kom mér í hug hvort gjaldfrítt síðasta árið barns í leikskóla gæti orðið til þess að sem flest börn sem byrja í grunnskóla að hausti séu á sama stað hvað það varðar að þekkja skólaumhverfið, bekkjarfélagana og jafnvel kennara. Það er á síðasta ári barns í leikskóla sem unnið er að samfellu milli skóla og leikskóla. Ég trúi því og hef séð að það dregur úr kvíða barna fyrir þeim breytingum sem óhjákvæmilega verða við það að skipta um skóla/umhverfi.

Ég veit ekki hvað það eru mörg börn sem eru að meðaltali í skólahóp leikskólans en get mér til um að það gæti verið ca 8 börn að meðaltali. Ef vistunargjaldið er 14.400 kr á mánuði þá ætti upphæðin fyrir 8 börn á ársgrundvelli ekki að vera hærrí en 1.382.400 kr

Í Dalabyggð er mikill hugur til nýbyggingar íbúðarhúsnaðis. Ég tel að til viðbótar við að jafna stöðu barna í sveitarfélaginu með gjaldfríu síðasta ári barns í leikskóla sé umrætt gjaldleysi fínasta gulrót til að laða að okkur nýja íbúa með jákvæðum skilaboðum.

Kveðja

Ragnheiður Pálsdóttir